

# Minnisblað

Til:  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 11. september 2017  
Mnr. 2017080053



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað – Sindragata 5-7

Í deiliskipulagi fyrir Ísafjarðarhöfn, sem samþykkt var í bæjarstjórn 17. Júlí 1995 er gert ráð fyrir því að nýtingarhlutfall fyrir svæðið í heild sinni sé 0.7

Þann 21.09.2006 heimilaði bæjarstjórn breytingu á deiliskipulagi, fólust breytingar m.a. í að byggingarreitur var sameinaður og heimilt yrði að reisa einnar hæðar tengibyggingu milli húsanna, notkun lóðanna breytist úr fiskvinnslu í fiskvinnslu/iðnaður.

### **Sindragata 5, 3X Technology**

Stærð lóðar 3070 fermetrar

Nýtingarhlutfall 0.7

Núverandi byggingarmagn brúttó 1521 m<sup>2</sup> skv. fmr.

Leyfilegt byggingarmagn 2149 m<sup>2</sup>

Það sem er hægt að bæta við í byggingamagni 921 m<sup>2</sup>

### **Sindragata 7, Grenjar ehf.**

Stærð lóðar 3100 m<sup>2</sup>

Nýtingarhlutfall 0.7

Núverandi byggingarmagn 2063.5 m<sup>2</sup>

Leyfilegt byggingarmagn 2170 m<sup>2</sup>

Það sem hægt er að bæta við í byggingamagni 106.5 m<sup>2</sup>

Núverandi forsendur benda til þess að reitur Sindragötu 7 sé nálægt því að vera fullnýttur miðað við nýtingarstuðulinn 0.7, heimilt er að bæta við 106 fermetrum á reit Sindragötu 7

Sindragata 5 heimilar 921 fermetrar miðað við núverandi nýtingarhlutfall.

Lóðirnar sameinaðar heimila samtals 1027 m<sup>2</sup>

Byggingareitur lóðanna hefur verið sameinaður m.t.t. tengibyggingar en nær einungis utan um núverandi byggingar. Einnig er takmarkað hvað hægt er að bæta við á lóð Sindragötu 7 m.t.t. nýtingarhlutfalls.

Í samtali við Karl Ásgeirs, þá er 3X Technology tilbúið til þess að fara í deiliskipulagsbreytingar svo unnt sé að vinna að stækkun fyrirtækisins í sátt og samlyndi við bæjaryfirvöld. Karl Ásgeirs kemst ekki til fundar nr. 484 vegna ferðalaga en boðinn og búinn til þess að ræða við nefndarmenn á símafundi.

Miðað við þær forsendur sem gefnar eru upp hér að ofan þarf að fara í verulegar breytingar á deiliskipulagi